



Borgarráð

Samningur um afnot af landsspildu við Fossaleyni fyrir Meðferðarstöðina Stuðla

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki drög að samningi um afnot af u.þ.b. 300 fermetra landsspildu norðan við Fossaleyni 17, fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði, fyrir starfsemi meðferðarstöðvarinnar Stuðla.

Greinargerð:

Meðferðarstöðin Stuðlar er með starfsemi að Fossaleyni 17 fyrir börn á aldrinum 13-18 ára. Með breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir nýrri 300 m² lóð norðan við lóð Fossaleynis 17 er verið að mæta brýnni þörf meðferðarstöðvarinnar til að taka á móti skjólstæðingum. Með tímabundinni staðsetningu flytjanlegs viðbótarhúsnæðis fyrir starfsemi Stuðla er verið að leitast við að leysa aðsteðjandi húsnæðisvanda starfseminnar með bráðabirgðaaðgerðum, með því að brúa bilið þar til nýtt meðferðarheimili verður tilbúið. Í ljósi þess að nýja lóðin er á borgarlandi er óskað eftir því að tímabundinn afnotasamningur til 5 ára verði samþykktur en fyrirhugað er að nýtt meðferðarheimili verði tilbúið árið 2023.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samningur um afnot af landsspildu við Fossaleyni - Drög.

Deiliskipulagsbreyting – Fossaleynismýri, birt í B-deild Stjórnartíðinda, 17.04.2019.

AFNOTASAMNINGUR UM BORGARLAND

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, (leigusali) Ráðhúsinu í Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar Eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík og Barnaverndarstofa (leigutaki) kt. 700595-2699, Borgartúni 21, 105 Reykjavík gera með sér svofelldan afnotasamning:

1. gr. Hið leigða

Leigutaki tekur á leigu borgarland á nýrri lóð norðan Fossaleynis 17 fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi meðferðarstöðvarinnar Stuðla, sem liggur að þeirri lóð sem meðferðarstöðin er með starfsemi sína á. Lóðin er samtals 300 fermetrar og er lóðaafmörkunin jafnframt nýr byggingarreitur fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði á einni hæð. Lögum þess og lega er sýnd á skýringarmynd, merkt ný lóð/byggingarreitur, á deiliskipulagsbreytingu fyrir Fossaleynismýri, samþykkt á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. mars 2019, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. apríl 2019, sem telst hluti þessa leigusamnings.

2. gr. Gildistími

Afnotasamningur þessi er tímabundinn til 5 ára, frá 1. apríl 2020 til og með 31. mars 2025. Gagnkvæmur uppsagnafrestur er 6 mánuðir. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila. Leiga greiðist fyrir afnotin og er hún 30.000 kr. á ári. Gjaldtagi er einu sinni á ári. Fyrsti gjaldtagi er 1. júní 2020.

3. gr. Afnot af hinu leigða

Leigutaka er óheimilt að nýta hið leigða í öðrum tilgangi en greinir um í 1.gr. Öll framleiga er óheimil nema með samþykki Reykjavíkurborgar.

4. gr. Samráð um framkvæmdir

Samráð skal haft við umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um framkvæmdir og frágang á afnotasvæðinu.

5. gr. Afhending og skil á afnotasvæði

Afnotasvæðið afhendist við undirritun samnings þessa. Við uppsögn eða lok samningsins skal leigutaki skila afnotasvæði til leigusala. Leigutaki ábyrgist að bráðabirgðahúsnæðið verði fjarlægt, Reykjavíkurborg að kostnaðarlausu.

6. gr. Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun. Hið sama gildir ef vanskil á leigu varir í lengri tíma en tvo mánuði.

7. gr. Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík (DAGS)

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Barnaverndarstofu


Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og hæfi:

Nafn

Kt.


Nafn

Kt.



GILDANDI DEILISKIPULAG, 1:1500


Gildandi deiliskipulag Fossaleynismýri (staðgreinireitur 2.4), samþykkt í borgarráði 7.02.1995. Endurskoðað 1.03.1995 í samræmi við samþykkt umferðarnefndar 16.02.1995.



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI, 1:1500

Með deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir nýrri lóð norðan við lóð Fossaleynis 17 fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi meðferðarheimilisins Stuðla.

Fyrirvari: Ónákvæmni/skekkiya sem kann að vera í uppdraetti helgast af því að unnið er á eldra pdf skjal en ekki á hnitsettum grunni.



SKÝRINGARMYND, 1:1500

Núverandi ástand með breytingum miðað við framlögð gögn.



ÚR AÐALSKIPULAGI

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- NÝ LÓÐ/BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- FRÁVEITULAGNIR VEITNA (4 m fjarlægð milli fráveitulagnar og bráðabirgðahúsnæðis)

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í á embættisfundum skipulagstuldbúna þann 8. mars 2019.

Tillagan var grenndarkynnt frá 1. febr. 2019 með athugasemdafresti til 1. mars 2019.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 17.4 2019.



breyting: | skýring: | dags.: | teiknað:

KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

FOSSALEYNISMÝRI - DEILISKIPULAGSBREYTING

Deiliskipulagsuppdráttur			
mkv.:	1: 1500, 1:5000	teiknað ASP	yfirfarið HKB
verknr.	teikn. nr. 18-14	útgáfa 30000	dags.: 17.01.2019
bls. 1	skrá: 18-14-Deiliskipulagsbreyting.vwx		

Fyrirvari: Ekki skal meta af teikningum, aðeins málsettir stærðir eru í gildi. Framkvæmdaðili skal sannreyna öll mál á verkstað.

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulagið Fossaleynismýri sem var samþykkt í borgarráði 7.02.1995.

Með deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir nýrri lóð norðan við lóð Fossaleynis 17 fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi meðferðarheimilisins Stuðla.

Í breytingunni felst að ný 300 m² lóð er afmörkuð á reit á borgarlandi norðan lóðar meðferðarheimilisins Stuðla við Fossaleyni 17. Lóðarafmörkunin er jafnframt nýr byggingarreitur fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði á einni hæð. Umrætt borgarland er grasi vaxið svæði á milli lóðar Stuðla og Egilshallar.

Fráveitulagnir liggja eftir endilöngu umræddu borgarlandi milli austurs og vesturs. Að höfðu samráði við Veitur er lóð bráðabirgðahúsnæðisins staðsett 4 m sunnan við fráveitulagnirnar.


Starfsemin í fyrirhuguðu bráðabirgðahúsnæði er hluti af starfsemi Stuðla og mun ekki skapa meiri umferð en nú er við Fossaleyni 17.

Aðkoma er gegnum Fossaleyni 17 og bílastæði samnýtt fyrir starfseminna.

Fyrirhugað bráðabirgðahúsnæði verður nýtt fyrir starfsemi sem verður flutt úr núverandi húsnæði Stuðla, s.s. eftir meðferð og skrifstofur. Gert er ráð fyrir að bráðabirgðahúsnæðið verði á einni hæð með lágreystu þaki og að hámarki 200 m² að stærð.

Markmið með breytingunni er að mæta brýnni þörf meðferðarheimilisins Stuðla fyrir meira rými til að taka á móti skjólstaðingum. Með tímabundinni staðsetningu flytjanlegs viðbótarhúsnæðis fyrir starfsemi Stuðla er leitast við að leysa aðstoðjandi húsnæðisvanda starfseminnar með bráðaaðgerðum. Í ljósi þess að fyrir liggur ákvörðun um að reisa nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu er ætlunin að brúa bilið með umræddu bráðabirgðahúsnæði þar til nýtt meðferðarheimili verður tilbúið, sem er áætlað eftir u.þ.b. 4 ár.

Setja skal kvöð í lóðaleigusamning þess efnis að um tímabundið úrræði sé að ræða og að húsið verði fjarlægt Reykjavíkurborg að kostnaðarlausu, þegar þess verður krafist.



GILDANDI DEILISKIPULAG, 1:5000